

anda, Valgerði Hönnu Engilbertsdóttur, kr. 600.000 með 9% ársvöxtum frá 6. september 1973 til 1. ágúst 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. júní 1982.

Nr. 129/1979. **Landmælingar Íslands**
 (Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
 gegn
Braga Guðmundssyni
Jóni Ernst Ingólfssyni
Dagnýju Guðmundsdóttur
Guðrúnu Ríkharðsdóttur
og Myndkortí s/f
 (Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Höfundaréttur. Landakort. Skaðabætur. Lögbannsgerð úr gildi felld. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Afrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1979. Hann krefst staðfestingar lögbanns, sem fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 14. febrúar 1978 við útgáfu og dreifingu einblöðungsins „Welcome to Iceland“, svo og þess, að stefndu verði óskipt dæmd til að greiða honum 15.000.00 kr. með 19% ársvöxtum frá 16. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst afrýjandi með sama hætti málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um höfundarétt vegna útgáfu korts af Íslandi fyrir ferðamenn, sem út kom 1977 og kallast „Welcome to Iceland '77“. Á kortið er skráð: „Copyright Myndkort sf. LTD.“. Myndkort s/f er sameignarfélag Dagnýjar Guðmundsdóttur og Guðrúnar Ríkharðsdóttur.

Á því er byggt af hálfu áfrýjanda, að stefndu hafi með ólögmetum hætti notað tvö landabréf, sem áfrýjandi eigi höfundarétt að. Hið fyrra er í kortabókinni The Times Atlas of the World (Comprehensive Edition), sem út var gefin í London 1974. Bókin hefur að geyma upplýsingar um höfundarétt, og eftir þeim er rétturinn í höndum John Bartholomew & Son Ltd. og Times Newspapers Ltd. Íslandskortið er einnig sérstaklega merkt fyrrgreinda fyrirtækinu. Eins og í héraðsdómi segir, hefur það sent áfrýjanda upplýsingar þess efnis, að kortið af Íslandi hafi að minnsta kosti að einhverju leyti verið byggt á gögnum frá Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn, en sú stofnun gerði samning við áfrýjanda 1. mars 1973 um framsal réttinda til áfrýjanda. Engu að síður verður að fallast á það, sem í héraðsdómi segir, að áfrýjandi hafi ekki sannað, að hann hafi með samningi þeim, sem nefndur var, öðlast höfundarétt að kortinu í The Times Atlas of the World. Verða kröfur áfrýjanda í máli þessu af þeim sökum ekki byggðar á þeirri röksemd hans, sem nú hefur verið um fjallað.

Þá telur áfrýjandi, að stefndu hafi brotið gegn rétti stofnunarinnar yfir korti, sem Krákus s/f, sameignarfélag stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernst Ingólfssonar, gaf út 1976. Á það kort er skráð: „Copyright“. Einnig segir á því, að útgáfan hafi verið leyfð af áfrýjanda og að það sé unnið eftir kortum Geodætisk Institut.

Því er haldið fram af áfrýjanda, að stofnunin eigi höfundarétt að korti þessu. Hafi engin mótmæli komið fram gegn því í héraði fyrr en e. t. v. við munnlegan málflutning, sem hafi verið of seint, enda hafi þá eigi lengur verið unnt að færa fram gögn hér að lútandi. Verði því að byggja á því

í málinu, að áfrýjandi eigi þennan rétt, gagnstætt því, sem talið er í hinum áfrýjaða dómi.

Af hálfu stefndu er því mótmælt hér fyrir dómi, að áfrýjandi eigi höfundarétt að kortinu frá 1976, heldur sé hann eign Kristins Helgasonar kortagerðarmanns, sem teiknað hafi kort þetta, e. t. v. með aðstoð samstarfsmanns síns eða samstarfsmanna, er á árinu 1972 hafi unnið með honum hjá áfrýjanda.

Ekki verður fallist á það með áfrýjanda, að réttarfarsástaður leiði til þess, að dóm í máli þessu beri að byggja á því, að áfrýjandi eigi höfundarétt að kortinu frá 1976. Í héraðsdómi segir, að ekki þyki hafa verið færðar sönnur að höfundarétti áfrýjanda að þeim atriðum á kortinu frá 1976, sem telja verði, að höfð hafi verið til hliðsjónar við gerð hins umdeilda korts árið eftir. Hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að bæjarþing Reykjavíkur hafi með þessu brotið gegn réttarfarsreglum.

Kortið, sem út kom 1976, var endurútgáfa. Það var teiknað af starfsmanni eða starfsmönnum áfrýjanda í aukavinnu og á kostnað útgefandans, Krákusar s/f. Byggja verður á því álitni héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að kortið frá 1976 beri einkenni sjálfstæðrar kortagerðar um efnisval og útlit, þótt það hljóti að vera byggt á eldri uppdráttum. Ekki hafa fyrir Hæstarétti fremur en bæjarþingi verið tilgreindir uppdrættir, sem notaðir hafa verið við gerð þessa korts.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, gerðu stefndu Bragi og Jón Ernst (gerðarþolar) sátt við áfrýjanda (gerðarbeiðanda) í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975 í máli nr. C 25/1975. Sáttin er þannig: „Gerðarþolar lýsa því hér með yfir, að þeir viðurkenna rétt gerðarbeiðanda til einkaútgáfu landakorta á Íslandi og allrar skyldrar starfsemi.

Gerðarþolar greiða með eins mánaðar vixli kr. 150.000,- fyrir útgáfurétt umdeilds landakorts, og gerir gerðarbeiðandi ekki frekari kröfur í því sambandi.

Gerðarþolum er heimilt að dreifa því upplagi landakortsins, sem nú hefur verið prentað, en skuldbinda sig jafnframt

til að eiga ekki hlut að, eða gefa út, eða dreifa neinu korti af Íslandi, í framtíðinni, án sérstaks leyfis gerðarbeiðanda . . .“

Því er ekki haldið fram af hálfu stefndu, að sátt þessi sé ógild. Hins vegar verður að fallast á það með þeim, að á henni verði ekki byggt neitt um það, hver eigi höfundarétt að kortinu frá 1976, enda felst hvorki í henni yfirlýsing um staðreyndir þar að lútandi né afsal slíks réttar.

Að því athuguðu, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á það með héraðsdómi, að áfrýjandi hafi ekki fært sönnur að höfundarétti sínum að þeim atriðum á kortinu frá 1976, sem kunna að hafa verið höfð til hliðsjónar við gerð þess korts, sem út var gefið 1977, en þar er fyrst og fremst um nafnasetningu að ræða. Kemur samband kortanna frá 1976 og 1977 ekki frekar til athugunar í málinu.

Á kortinu frá 1977 segir, að höfundarétt að því eigi Myndkort s/f. Verður að byggja á því. Ber því að sýkna eigendur þess félags, stefndu Dagnýju Guðmundsdóttur og Guðrúnu Ríkharðsdóttur, svo og félagið af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eins og fyrr segir, gerðu stefndu Bragi og Jón Ernst sátt í fógetarétti 24. júní 1975. Þess er einnig áður getið, að þeir hafa ekki hreyft því í máli þessu, að þeir séu óbundnir af sáttinni. Ber því að telja, að þeir séu með henni skuldbundnir til að „eiga ekki hlut að, eða gefa út, eða dreifa neinu korti af Íslandi, í framtíðinni, án sérstaks leyfis gerðarbeiðanda“, þ. e. áfrýjanda. Fram er komið, að þeir léðu engu að síður eiginkonum sínum, eigendum Myndkorts s/f, afnot af húsnaði í Brautarholti 22 og afnot af pósthólfi Krákusar s/f, en það var sameignarfélag þeirra og hafði gefið út kort á árunum 1972—1976. Þá léðu þeir konunum afnot af spjaldskrá félagsins um auglýsendur, stefndi Bragi kom á sambandi útgefenda og teiknara, þegar undirbúin var kortaútgáfan 1977, og hafði að öðru leyti milligöngu milli þeirra að einhverju leyti. Um nokkur frekari afskipti þessara stefndu var að ræða af útgáfunni 1977. Með þessu áttu þeir Bragi og Jón Ernst hlut að útgáfunni og rufu skuldbinding-

ar sínar samkvæmt sáttinni frá 1975. Ber því að dæma þessa stefndu til að greiða áfrýjanda bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 3.000.00 krónur með vöxtum, eins og krafist er.

Afskipti stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernsts Ingólfssonar af útgáfunni 1977 voru ekki með þeim hætti, að tekin verði til greina gagnvart þeim fremur en öðrum hinum stefndu krafa áfrýjanda um staðfestingu lögbanns.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Stefndu Dagný Guðmundsdóttir, Guðrún Ríkharðsdóttir og Myndkort s/f eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Landmælinga Íslands, í máli þessu.

Stefndu Bragi Guðmundsson og Jón Ernst Ingólfsson skulu vera sýknir af kröfum áfrýjanda um staðfestingu lögbanns, en þeir greiði áfrýjanda 3.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 16. mars 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að fallast beri á úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi teljist ekki eiga höfundarétt að uppdrætti þeim af Íslandi, sem birtur er í The Times Atlas of the World og liggur

frammi í málinu í ljósriti sem héraðsdómsskjal nr. 19. Verða kröfur áfrýjanda því ekki til greina teknar á þeim grundvelli.

Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hefur fyrir framsal öðlast höfundarétt að því kortagerðarefni af Íslandi, sem áður var eign Geodætisk Institut í Kaupmannahöfn. Uppdrátturinn á héraðsdómsskjali nr. 11 var gerður af starfsmanni áfrýjanda og, að því er ætla verður, eftir gögnum, sem áfrýjandi á höfundarétt að. Á uppdrátt þennan er prentað orðið „Copyright“. Enn fremur orðin: „Worked after map from Geodætish Instituts“ (sic) og „Publication permitted by The ICELANDIC SURVEY DEPARTMENT“. Þegar hvort tveggja þetta er haft í huga, gætt þess ágreinings, er reis með áfrýjanda og Krákusi s/f, eftir að uppdráttur þessi fyrst var birtur, svo og sáttargerðar þessara aðilja af því tilefni, og loks sérstaklega litið til þess, að enginn hinna stefndu bar brögður á höfundarétt áfrýjanda að uppdrættinum við flutning málsins fyrir héraðsdómi, svo að séð verði, ber að leggja til grundvallar, að margnefndur uppdráttur sé háður höfundarétti áfrýjanda, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1972.

Kemur þá næst til álita, hvort kortið á héraðsdómsskjali nr. 3 sé slík eftirgerð af uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, að með útgáfu þess hafi verið brotið gegn þeim höfundarétti, sem áfrýjandi telst eiga samkvæmt framansögðu.

Teiknarinn, sem gerði kortið á héraðsdómsskjali nr. 3, Katrín Óskarsdóttir, hefur greint þannig frá aðferð sinni við að gera útlínur kortsins, að hún hafi dregið þær á „transfer-pappír“, sem hún hafi lagt yfir uppdráttinn af Íslandi í The Times Atlas of the World. Stærðarmun kortanna skýrir hún með því, að hennar kort hafi verið smækkað í prentun. Um nafnasetningu á því korti er nægilega leitt í ljós, að þar hefur teiknarinn farið að heita má út í hörgul eftir uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, sem honum var fenginn í hendur til að nota við verkið. Fær þetta fullnægjandi stoð í skýrslu Ágústs Guðmundssonar deildarstjóra og áliti hinna sérfróðu samdómenda í héraði. Þegar þess er gætt, til hverra nota kortin voru ætluð, verður að

telja umrædda nafnasetningu hafa verið aðalatriði þeirra beggja. Útlitsmunur kortanna að því er tekur til stærðar (mælikvarða), litamerkinga og stílfæringar á útlínunum landsins, jöklum og því um líku, svo og að einhverju leyti á vegum, er hins vegar aukatriði fyrir notanda kortanna. Virðist útlitsbreyting sú, sem gerð var, hafa verið til þess ætluð fyrst og fremst að gera kortin frábrugðin hvort öðru að ytri ásýnd, án þess að raskað væri við framangreindu meginatriði uppdráttarins á héraðsdómsskjali nr. 11.

Þegar framangreint er virt, tel ég, að kortið á héraðsdómsskjali nr. 3 sé þannig úr garði gert, að með útgáfu þess hafi verið brotinn höfundaréttur áfrýjanda að uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 11, sbr. 3. gr. laga nr. 73/1972. Á því broti bera fyrst og fremst ábyrgð útgefandi kortsins, stefndi Myndkort s/f og stefndu Dagný og Guðrún, einkaeigendur þess félags. Eins og háttað var afskiptum stefndu Braga og Jóns Ernst af útgáfunni, verður enn fremur að telja, að þeir hafi átt slíkan hlut að því, að höfundaréttur áfrýjanda var brotinn, að einnig þeir beri fébótaábyrgð gagnvart honum samkvæmt 56. gr. laga nr. 72/1973.

Með framangreindum forsendum er ég samþykkur dómorði hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Þórs Vilhjálmssonar um fébætur, er dæma beri áfrýjanda úr hendi stefndu Braga Guðmundssonar og Jóns Ernsts Ingólfssonar. Hins vegar tel ég með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið, að einnig beri að dæma aðra stefndu til greiðslu fébótanna óskipt með þeim stefndu Braga og Jóni Ernst. Enn fremur tel ég, að staðfesta beri að kröfu áfrýjanda lögbann það, er í málinu greinir, svo og að dæma alla hina stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og
Sigurgeirs Jónssonar.**

Landmælingar Íslands hafa ekki einkarétt til útgáfu landakorta að íslenskum lögum. Einstakir menn geta ekki veitt

þeim slíkan rétt með dómssátt eins og sáttargerðin í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975 virðist byggð á. Þegar þetta er haft í huga svo og aðdragandi sáttarinnar og einnig þær kringumstæður, sem hún var gerð við, þá teljum við, að leggja beri þann skilning í sáttina, að með henni hafi þeir stefndu Bragi og Jón Ernst einungis skuldbundið sig til að eiga ekki hlut að útgáfu eða dreifingu á neinu korti, sem undirorpið væri höfundarétti áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur ekki sannað höfundarétt sinn að hinu umdeilda korti, er Myndkort s/f gaf út 1977. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms viljum við staðfesta hann.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júní 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 22. maí sl., höfðaði Bragi Guðmundsson f. h. Landmælinga Íslands, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útg. 20. febrúar 1978, gegn Braga Guðmundssyni, Dalalandi 3, mun eiga að vera Dalalandi 16, Reykjavík, Jóni Ernst Ingólfsyni, Æsufelli 2, Reykjavík, Dagnýju Guðmundsdóttur, Æsufelli 2, Reykjavík, og Guðrúnu Ríkharðsdóttur, Dalalandi 16, Reykjavík, þeim Guðrúnu og Dagnýju persónulega og f. h. Myndkorts s/f Ltd. (sic) til staðfestingar á lögbanni, er fram fór hinn 14. febrúar 1978 í fógetarétti Reykjavíkur við útgáfu og dreifingu samanbrotsins einblöðungs, sem er uppdráttur Íslands og ber í samanbrotnu formi yfirskriftina: „Welcome to Iceland“. Þá krefst stefnandi þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða honum kr. 1.500.000 auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta á hverjum tíma frá stefnubirtingardegi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, þar á meðal allan kostnað við lögbannskerðina.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda sömu dómkröfur og greindar eru í stefnu, að öðru leyti en því, að krefjast vaxta frá 16. mars 1978, það er frá þingfestingardegi.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, að lögbanni í fógetamálinu C 73/1977: Landmælingar Íslands gegn

Braga Guðmundssyni o. fl. verði hrundið og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir munu vera þeir, að um alllangt skeið hafi stefndu Jón Ernst Ingólfsson og Bragi Guðmundsson gefið út vegakort af Íslandi. Munu þeir hafa stofnað fyrirtækið Krákus s/f í þeim tilgangi að annast útgáfu korta þessara. Vorið 1975 krafðist stefnandi þess, að lagt yrði lögbann við útgáfu kortsins. Þessu máli lyktaði með sátt, sem gerð var í fógetarétti Reykjavíkur 24. júní 1975, þar sem Krákus s/f skuldbatt sig til þess að greiða stefnanda kr. 150.000 og til þess að gefa ekki út kort af Íslandi í framtíðinni án sérstaks leyfis stefnanda. Jafnframt lýstu þeir yfir, að þeir viðurkenndu rétt stefnanda til einkaútgáfu landakorta á Íslandi og allrar slíkrar starfsemi. Krákus s/f dreifði síðan umræddu korti árið 1975. Árið 1976 féllst stefnandi á það, að Krákus s/f fengi leyfi til þess að gefa út vegakort af Íslandi 1976 gegn greiðslu til stefnanda.

Því er haldið fram í greinargerð stefndu á dskj. 9, að stefndu Jón Ernst og Bragi hafi ekki gefið út kort af Íslandi síðan 1976.

Á árinu 1977 stofnuðu stefndu Dagný Guðmundsdóttir og Guðrún Ríkharðsdóttir, en þær eru eiginkonur stefndu Jóns Ernsts og Braga, Myndkort s/f til þess að annast útgáfu á mynd af Íslandi með akstursleiðum. Þeim var kunnugt um viðskipti eiginmanna sinna við stefnanda vegna kortaútgáfu. Þær fengu Katrínu Óskarsdóttur auglýsingateignara til þess að teikna myndina. Þessi útgáfa átti sér stað sumarið 1977, en síðla þess sama árs var krafist lögbanns við útgáfu þessari og það lagt á 14. febrúar 1978.

Ágúst Guðmundsson, deildarstjóri hjá stefnanda, var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá honum, að hann teldi uppdráttinn á dskj. 3 að mestu leyti byggðan á dskj. 11 og af öðrum mælingum sé hann eftir mælingum, sem stefnandi hafi framkvæmt. Ágúst taldi upp ýmis atriði, sem séu samsvarandi á dskj. 3 og 11, en ekki sé hægt að finna á því Atlaskorti, sem notað hafi verið sem grunnur. Sem dæmi tók Ágúst, að Djúpvegur, sem opnaður var 1975, sé eins á dskj. 3 og 11, en þetta sé sýnt töluvert öðruvísi á Atlaskortinu, (þ. e. dskj. 19). Á Atlaskortinu séu vegir, sem vanti á dskj. 11 og 3. Aðrir vegir séu á dskj. 3 og 11, sem ekki séu á Atlaskortinu, svo sem Þrengsla-

vegur og vegur frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Á dskj. 3 séu 422 nöfn og séu þau öll á dskj. 11, að undanteknu einu nafni á Austurlandi. Á dskj. 3 séu yfir 60 nöfn, sem ekki séu á þessu Atlas-korti. Einnig séu ýmis nöfn öðruvísi stafsett á Atlaskortinu og svo á dskj. 3 og 11. Einnig séu villur á dskj. 3 og 11, sem ekki séu í Atlaskortinu, t. d. séu Siglufjörður og Flatey á Skjálfanda merkt sem kaupþún. Enn fremur sé ósamræmi á milli Atlas-kortsins og svo dskj. 3 og 11 að því er varðar jökla.

Ágúst tók fram, að kortið á dskj. 11 hafi verið unnið af starfsmanni stefnanda og hafi það verið algerlega óháð stefnanda. Hvergi hafi komið fram, að það hafi verið unnið með samþykki stefnanda. Þáverandi forstöðumaður stefnanda hafi sagst ekki hafa vitað um það kort fyrr en búið var að vinna það. Starfsmaður stefnanda hafi gert það í aukavinnu. Vakin var athygli Ágústs á því, að prentað sé á dskj. 11, að þetta sé gert með leyfi stefnanda. Ágúst sagði, að það hafi verið prentað inn á, eftir að það hafi verið búið að ræða þetta við ráðuneytið, og þarna hafi verið hugsað um að leyfa þeim að gefa út kortið til þess að firra þau að vissu marki fjárhagslegu tjóni, en þó með takmörkun um það, að það væri bara í þetta skipti, en síðan hafi leyfi verið gefið tvisvar eða þrisvar.

Á milli árána 1976 og 1977 hafi sala stefnanda á uppdráttum af Íslandi minnkað um 10 og 12%, en raunverulega sé minnkunin meiri vegna þess m. a., að það hafi orðið hækkun á kortunum á árinu 1977. Tjón stefnanda, kr. 1.500.000, sé að vissu marki fundið með mismun á sölunni 1976 og 1977.

Á milli árána 1977 og 1978 hafi söluaukning orðið tæplega 100%, þar inni sé tæplega 30% verðhækkun. Það séu mörg önnur mál, sem spili inn í kortasölu heldur en einungis þetta. Ágúst kvaðst ekki geta sagt um það, hvort hægt væri að rekja minnkada kortasölu stefnanda 1977 til kortsins á dskj. 3 eða 11. Hann viti ekki um upplagið á kortinu á árinu 1976 né hvernig því var dreift eða hvað upplagið 1977 var mikið né heldur hvernig því var dreift.

Ágúst sagði, að í orðabókum sé hugtakið „topografiskur“ þýtt þannig, að það sé landlýsir, síðan sé spurningin, hvað landlýsingin eigi að vera nákvæm. Það að koma að landi, sem sé ókortlagt, og geta lýst því á pappír og þá með réttum hlutföllum og með þeim einkennum, sem þar eigi að vera.

Stefndu hafa verið yfirheyrð vegna máls þessa.

Fram kom hjá stefnda Braga Guðmundssyni, að heimilisfang

Krákusar s/f sé í Brautarholti 22, en Myndkorts s/f að Dalalandi 16. Krákus s/f hafi pósthólf 7042 og hafi Krákus s/f lánað Myndkorti s/f afnot af pósthólfinu á tímabili. Myndkort s/f hafi fengið að nota pósthólf og spjaldskrá yfir auglýsendur, sem fyrir hendi var hjá Krákusi s/f.

Fyrirtækið Myndkort s/f hafi orðið til á miðju ári 1977. Starfsemi fyrirtækisins hafi legið niðri vegna lögbanns, en á meðan fyrirtækið var starfrækt, hafi eigendur þess, stefndu Dagný og Guðrún, starfað við fyrirtækið.

Á sínum tíma hafi Krákus s/f gefið út kort, sem hafi verið unnið hjá Landmælingum Íslands, og hafi það þótt henta til starfsemi Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins og hafi þessir aðiljar gjarnan viljað fá það til þess að dreifa til ferðamanna sem upplýsingariti og hafi þessir aðiljar lagt mikla áherslu á, að þeir fengju að gefa þetta út áfram. Á sínum tíma, þegar Krákus s/f var að reyna að fá samþykki Landmælinga Íslands fyrir því, að áframhaldandi útgáfa yrði leyfð, þá hafi þessir aðiljar stutt þá í því. Áframhaldandi leyfi hafi ekki fengist. Stefndi Bragi kvaðst halda, að þessir aðiljar hefðu notið góðs af útgáfu Myndkorts s/f, fengið magn af kortum til dreifingar. Síðan Myndkort s/f tók til starfa hafi Krákus s/f verið rekið sem umboðs- og heildverslun.

Fram kom hjá stefnda Jóni Ernst Ingólfssyni, að hann og stefndi Bragi hefðu hætt útgáfu vegakorts vegna sifelldra deilna við stefnanda og hafi þetta verið orðið svo mikið mál, að það borgaði sig ekki að gefa þetta út. Af hálfu Ferðamálaráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins hafi verið talað við stefnda Braga um það, hvort þeir mundu ekki gefa út þetta kort, en þeir hafi sagst ekki fara út í það og vísað á stefndu Guðrúnu og Dagnýju. Stefndi Bragi, sem sé starfsmaður á Vísi, hafi komið stefndu Guðrúnu og Dagnýju í samband við auglýsingateiknara, sem vann þar. Stefnda Guðrún muni hafa annast bókhald, stefnda Dagný hafi annast um innheimtu reikninga og auglýsingasöfnun. Þeir stefndi Bragi og stefndi Jón hafi hvorki þegið laun né ágóðahlut frá Myndkorti s/f. Myndkort s/f hafi sjálfstæðan fjárhag, sjálfstætt bókhald og gefi sjálfstætt upp til skatts.

Fram kom hjá stefndu Dagnýju Guðmundsdóttur, að Myndkort s/f hefði fengið afnot af pósthólfi Krákusar s/f, en haft húsnæði að Dalalandi 16. Hún og stefnda Guðrún hafi unnið fyrir Myndkort s/f, en fyrirtækið hafi ekki haft aðra starfsmenn. Þó hafi þeir stefndu Jón og Bragi kannski verið með í dreifingu

upplagsins. Þær stefndu Dagný og Guðrún hafi ekki verið aðiljar að útgáfu Krákusar s/f, en stefnda Dagný kvaðst hafa unnið við það, auglýsingasöfnun, dreifingu og annað. Eftir að stefnandi hafði lagt lögbann á útgáfu Krákusar s/f, hafi stefnda Dagný ákveðið að fá auglýsingateiknara til að gera eitthvað, sem ekki bryti í bága við höfundarétt Landmælinga Íslands. Stefndi Bragi hafi talað við Katrínu Óskarsdóttur. Þær stefndu hafi beðið Katrínu að leysa þetta þannig, að það bryti ekki í bága við einkaleyfi stefnanda. Þær stefndu hafi reynt að gera Katrínu grein fyrir því, hvað það var, sem þær ekki máttu. Þeim stefndu Guðrúnu og Dagnýju hafi verið kunnugt um þá ákvörðun Krákusar s/f að leggja niður útgáfustarfsemi af því tagi, sem óskað var lögbanns á á sínum tíma.

Fram kom hjá stefndu Guðrúnu Ríkharðsdóttur, að tildrögin að stofnun fyrirtækisins Myndkorts s/f vorið 1977 hafi verið þau, að eiginmenn stefndu Guðrúnar og stefndu Dagnýjar hafi hætt að gefa út kort, þar sem þeir fengu ekki leyfi til þess að halda þessu áfram í því formi, sem það var. Þær stefndu Guðrún og Dagný hafi ákveðið að láta teikna þetta og gefa út sem mynd af Íslandi.

Byrjað hafi verið að vinna að kortinu vorið 1977, en fyrirtækið Myndkort s/f hafi ekki verið skráð fyrr en í ágúst—september.

Fram kom hjá Katrínu Óskarsdóttur teiknara, að hún hefði gert uppdráttinn á dskj. 3. Uppdrátturinn hafi verið byggður á ýmiss konar upplýsingum. Katrín kvaðst hafa teiknað þetta upp í megindráttum eftir erlendri Atlas útgáfu, sem hún fékk lánaða. Hún kvaðst ekki muna, hvað bókin heitir. Katrín kvaðst hafa tekið jökla, ár og slíkt eftir þessu Atlas korti, einnig hafi hún skoðað kortið á dskj. 11. Úlfar Jacobsen hafi einnig aðstoðað hana í sambandi við hálendið aðallega. Hann hafi litið yfir þetta og leiðrétt. Katrín kvaðst hafa miðað þetta við, að það væri sem einfaldast í teikningu. Henni hafi verið sagt, að þetta ættu að vera upplýsingar fyrir ferðafólk, þá í sambandi við tjaldstæði og hótél. Þetta væri ekki vegakort, sem fólk ætti að ferðast eftir, heldur svona til að geta séð helstu staði. Þetta sé fjögurra lita prentun. Þar sem hálendið er merkt inn á, þá sé þetta bara „rasti“, sem er skorinn út og hann síðan lagður yfir ljósu litina, og þá komi hann svona dökkur út. Hálendið sé tekið bara svona gróflega eftir því sem hún vissi, að það væri, því það átti ekki að skipta svo miklu máli. Allar línur hafi verið teknar eins einfaldar og hún gat út af prentuninni til þess að

geta gert þetta á sem ódýrastan hátt. Stefndi Bragi hafi talað við sig á þeim vinnustað, þar sem þau unnu bæði. Myndkort s/f hafi greitt henni laun fyrir þetta verk. Katrín kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvenær hún var beðin um að teikna þetta kort, hvort það hafi verið í apríl, maí eða júní 1977. Prentun hafi dregist vegna verkfalls hjá prenturum. Uppdráttinn á dskj. 11 hafi Katrín fengið vegna þess, að þar séu tjaldstæði og flugvellir og hitt og annað, og til þess, að hún gæti séð, hvernig uppbygging hefði verið og hvar þessir staðir væru á landinu. Rætt hafi verið um, að kortið, sem Katrín gerði, væri þannig úr garði gert, að það bryti ekki einkarétt stefnanda, uppdrátturinn á dskj. 3 sé þannig gerður, að vegir séu einfaldaðir og hafðir eins beinir og hægt er, því þurft hafi að skera úr fyrir rauðu línuna út af prentun. Vegakerfið sé teiknað eftir Atlas kortinu og upplýsingum frá Úlfari Jacobsen. Staðsetning einstakra staða og örnefna á kortinu sé að hluta til sett eftir dskj. 11 og eins þessu, sem teiknað var eftir í upphafi. Græni liturinn á kortinu eigi að vera landgrunnið, dökkbrúni liturinn hálendið, rauðbleiki liturinn vegirnir, guli liturinn sjórinn og hvíti liturinn jöklar. Spurningu um það, í hvaða mælikvarða kortið sé, svaraði Katrín, að það væri bara eftir stærðinni á því korti, sem hún fór eftir. Ekki hafi verið notuð kortvarpa við gerð kortsins. Kortið hafi verið unnið þannig, að látinn hafi verið „transferpappír“ yfir og síðan teiknað í grófum dráttum útlínurnar í gegn og reynt að einfalda það eins og hægt var. Í prentun hafi þetta verið myndað á filmu. Katrín kvaðst hafa stuðst að nokkru leyti við textann á kortinu á dskj. 11.

Fram kom hjá Úlfari Jacobsen forstjóra, að hann hefði átt þátt í því að benda á grófar leiðir um óbyggðirnar. Úlfar taldi kort eins og kortið á dskj. 3 nauðsynlegt. Þau fáist frítt með því að auglýsa og þeir séu margir, sem auglýsa á kortinu og styðji útgáfu kortsins með því og fái frían afnotarétt af kortinu í staðinn. Úlfar kvaðst ekki vera viss um nafn stúlkunnar, sem bað hann um þessa þjónustu, og svo hafi hann farið til stúlkunnar, sem var að teikna þetta, og bent henni á, hvar hún ætti helst að setja línurnar gróflega yfir öræfin. Úlfar kvaðst halda, að það hefði verið sama stúlkan, sem bað hann um þessa þjónustu og sú, sem spurði hann að því, hvort hann vildi auglýsa á kortinu, og kvaðst hann halda, að hún væri kona stefnda Jóns.

Dóminum var afhent til skoðunar vinnugögn Katrínar Óskarsdóttur að kortinu á dskj. 3. Einnig var dóminum afhent til skoð-

unar The Times Atlas of the World, útg. af The Time í samvinnu við John Bartholomew & Son Ltd., Edinborg. Ekki er vefengt af stefnanda, að það sé sú Atlas útgáfa, sem Katrín Óskarsdóttir segist hafa notað við gerð kortsins á dskj. 3. Ljósrit úr þessari kortabók hafa verið lögð fram sem dskj. 19.

Á dskj. 16 er bréf frá Geodætisk Institut til stefnanda. Í bréfi þessu segir, að ekki sjáist, að Geodætisk Institut hafi veitt útgefanda The Times Atlas of the World leyfi til þess að gefa út kort yfir Ísland, byggt á gögnum, sem Geodætisk Institut hafi höfundarétt að. Á dskj. 18 er telex frá John Bartholomew, í því kemur fram, að Íslandskortið í The Times Atlas sé byggt á grunnkorti þeirra af Íslandi, upphaflega gerðu 1934. Seinni endurskoðun hafi verið byggð á dönskum gögnum frá því fyrir 1939 og aðstoð frá íslenskum ræðismanni, S. Magnússyni, og jafnframt að frekari leyfi hafi ekki verið talin nauðsynleg.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að síðla árs 1977 hafi stefnanda vitnast, að verið væri að útbýta á ferðaskrifstofum, greiðasölustöðum og bensinstöðvum uppdrætti af Íslandi, sem prentaður væri á aðra hlið samanbrotins einblöðungs, sem bæri yfirskriftina: „Welcome to Iceland '77“ á þeim hluta hans, sem út snýr, þegar hann væri í samanbrotnu formi. Undir yfirskrift þessari hafi verið mynd af vegvísi og bifreið. Undir uppdráttinn af Íslandi hafi verið ritað: „Copyright Myndkort s.f. Ltd.“.

Stefnandi kveður uppdráttinn af Íslandi á framangreindum einblöðungi vera topografískan uppdrátt, sem augljóslega byggist á uppdráttum, sem háðir séu höfundarétti hans, bæði sjálfstætt og samkvæmt samningi við Geodætisk Institut.

Í upphafi hafi stefnandi beint lögbannsbeiðni að þeim stefndu Braga Guðmundssyni og Jóni Ernst Ingólfssyni, en undir rekstri lögbannsmálsins hafi komið fram, að eiginkonur þeirra, þær stefndu Dagný Guðmundsdóttir og Guðrún Ríkharðsdóttir persónulega og/eða f. h. Myndkorts s/f, beri ábyrgð á útgáfu einblöðungsins. Hafi stefnandi því valið þann kost að stefna öllum þessum aðiljum, enda hnígi öll efnisrök í þá átt, að þau beri öll sameiginlega ábyrgð á útgáfunni.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur hafi verið kveðinn upp 16. nóvember 1977 og þá staðfest, að umbeðin lögbannsgerð skyldi fram fara. Hún hafi síðan farið fram 14. febrúar 1978. Útgáfustarfsemi stefndu hafi valdið stefnanda tjóni, sem hann

áætla, að nemi samtals kr. 1.500.000. Tjónið sé fólgið í minnkaðri sölu á uppdráttum af Íslandi, en stefnandi gefi út og selji uppdrætti af Íslandi.

Stefndu hafi enga heimild fengið til útgáfu þess uppdráttar af Íslandi, sem um er rætt í máli þessu.

Við munnlegan málf lutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að uppdrátturinn á dskj. 3 væri byggður á uppdráttum, sem stefnandi hafi einkarétt á samkvæmt samningi við Geodætisk Institut og fyrir eigin verk. Uppdrátturinn sé byggður á dskj. 11 og 19. Stefnandi eigi bæði höfundarétt og útgáfurétt að uppdrættinum á dskj. 11. Útgefandi að The Times Atlas of the World byggi rétt sinn á leyfi frá Geodætisk Institut og sé hann þá um leið háður höfundarétti stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1972 taki höfundaréttur til korta. Bótakrafa stefnanda sé byggð á 56. gr. sömu laga.

Af hálfu stefndu Jóns Ernst og Braga eru sýknukröfur rökstuddar með því, að þeir hafi ekki gefið út kort af Íslandi síðan 1976. Þeir séu ekki aðiljar að Myndkorti s/f, þótt það fyrirtæki hafi fengið að nýta sér ákveðna aðstöðu, sem fyrir hendi var hjá Krákusi s/f.

Af hálfu stefnda Myndkorts s/f er því haldið fram, að útgáfa á teiknaðri mynd af Íslandi, sem sýni akstursleiðir um Ísland, brjóti ekki í bága við höfundarétt stefnanda, sbr. samning við Geodætisk Institut frá 1. mars 1973, dskj. 4. Á myndinni sé ekki gefin upp hæð fjalla eða hálendis og láglendis. Hálendi Íslands sé þó markað með öðrum lit en láglendið, þó sé þar ekki á nokkurn hátt um nákvæma afmörkun að ræða. Engir mælikvarðar séu á mynd þessari. Það sé því augljóst, að höfundaréttur stefnanda sé ekki brotinn með mynd þessari, enda hafi stefndu, aðstandendur Myndkorts s/f, lagt áherslu á það að fá mynd af Íslandi, sem væri þess eðlis, að hún bryti ekki í bága við höfundarétt stefnanda.

Stefnandi eigi því engan rétt í þessu máli. Stefnandi hafi fengið lagt á lögbann algerlega að ástæðulausu og bakað þar með stefnda Myndkorti s/f verulegt tjón og álitshnekki.

Bótakröfu stefnanda er mótmælt sem tilhæfulausri og órökstuddri. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna þessarar útgáfu, enda ekki boðið upp á svipaða útgáfu. Þannig hafi Ferðamálaráð og Ferðaskrifstofa ríkisins sóst mjög eftir þessari útgáfu, þar sem ekki hafi verið um svipaðar handhægar upplýsingar að ræða frá öðrum aðiljum, þ. á m. stefnanda. Um það

bil 1/3 af upplagi Myndkorts s/f hafi þannig farið til Ferðamála-
ráðs og Ferðaskrifstofu ríkisins. Útgáfu Myndkorts s/f hafi
verið dreift ókeypis, en útgáfan hafi verið fjármögnuð með aug-
lýsingum.

Vaxtakröfu stefnda (sic) er mótmælt.

Myndkort s/f og Krákus s/f séu tvö aðskilin fyrirtæki með
sérbókhald og aðsetur. Þar af leiði, að sýknuástæður Krákusar
s/f og Myndkorts s/f og aðstandenda hvors um sig séu sín
hvorar.

IV.

Álit dómsins.

Hið umdeilda kort á dskj. 3 er gefið út af Myndkorti s/f. Sam-
kvæmt dskj. 15 reka stefndu Dagný og Guðrún Myndkort s/f
einar. Ekki hefur verið sýnt fram á önnur tengsl þeirra stefndu
Braga og Jóns Ernst við Myndkort s/f en að þeir eru eiginmenn
stefndu Dagnýjar og Guðrúnar. Þegar af þeirri ástæðu verður
að sýkna þá stefndu Braga og Jón Ernst af kröfum stefnanda
í máli þessu sökum aðildarskorts.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því
er þessa stefndu varðar.

Fram er komið, að við gerð kortsins á dskj. 3 var ætlun stefndu
Dagnýjar og Guðrúnar að gert yrði kort, sem ekki bryti í bága
við höfundarétt stefnanda, enda var þessum stefndu kunnugt
um samskipti eiginmanna þeirra við stefnanda, og mun þeim
því hafa verið kunnugt, að stefnandi taldi sig eiga einkarétt að
kortaútgáfu hér á landi.

Stefnanda hefur ekki með lögum verið veittur einkaréttur að
kortaútgáfu hér á landi. Höfundaréttur að kortum er verndaður
með höfundalögum, þ. e. lögum nr. 73/1972, enda er á því byggt
af hálfu stefnanda, að kortið á dskj. 3 sé byggt á uppdráttum,
sem stefnandi eigi höfundarétt að.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja ekki ástæðu til þess að
vefengja framburð Katrínar Óskarsdóttur, sem gerði kortið á
dskj. 3, um, að kortið, sem dskj. 19 er ljósrit af, hafi verið not-
að sem grunnkort við gerð kortsins á dskj. 3. Litamunur há-
lendis og láglandis á kortinu á dskj. 3 virðist gerður af handa-
hófi, en úr Atlas kortinu virðast fengnar útlínur landsins, helstu
vegir, ár, jöklar og vötn. Uppdrátturinn er þó allmikið stílfærð-
ur og víkur í allmörgum atriðum frá dskj. 19, sérstaklega að
því er varðar vatnsföll, einnig er ósamræmi að því er varðar
vegi og jökla. Nafnasetning á kortinu á dskj. 3 er því sem næst

samhljóða nafnasetningu á kortinu á dskj. 11. Verður því við það miðað, að við gerð kortsins á dskj. 3 hafi verið stuðst við kortin á dskj. 19 og 11. Ýmsar hálendisleiðir á kortinu á dskj. 3 eru frábrugðnar hálendisleiðum á dskj. 19 og 11.

The Times Atlas, sem dskj. 19 er ljósrit úr, er endurprentun á útgáfu frá árinu 1973, en upphaflega mun hann hafa verið gefinn út 1967. Samningur stefnanda við Geodætisk Institut er undirritaður 14. febrúar og 1. mars 1973. Getur stefnandi því ekki átt beinan höfundarétt að kortinu á dskj. 19. Eins og málið liggur fyrir, þykir stefnandi ekki hafa sannað, að hann hafi með samningi sínum við Geodætisk Institut öðlast höfundarétt að kortinu á dskj. 19.

Kortið á dskj. 11 var unnið fyrir Krákus s/f og ber einkenni sjálfstæðrar kortagerðar um efnisval og útlit, þótt það hljóti að vera byggt á eldri uppdráttum af Íslandi. Ekki hafa verið tilgreindir uppdrættir, sem stefnandi á höfundarétt að og notaðir hafa verið við gerð þessa korts. Fram kom hjá deildarstjóra stefnanda hér fyrir dómi, að kortið á dskj. 11 hafi verið unnið af starfsmanni stefnanda í aukavinnu og hafi það verið algerlega óháð stefnanda. Þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur að höfundarétti sínum að þeim atriðum á kortinu á dskj. 11, sem telja verður, að höfð hafi verið til hliðsjónar við gerð kortsins á dskj. 3.

Að viðbættu því, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að líta til þess, hvers konar plagg kortið á dskj. 3 er. Kortið er lítið, ónákvæmt og nánast mynd af lögum landsins með nafnasetningu og öðrum upplýsingum, þ. á m. um hótél, bensínstöðvar, tjaldstæði o. þ. h., sem ekki byggist á vali stefnanda, heldur virðist eingöngu miðað við áhuga ferðamanna. Við gerð kortsins hefur hönnuður þess sýnt visst frumkvæði og sjálfstæði, t. d. við líta-, línu- og letursval, það svo, að kortið getur hvorki talið stæling á kortinu á dskj. 19 né 11. Kortið lítur þannig út, að það minnr ekki á raunveruleg landakort og þá ekki á kortagerð stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefndu Guðrúnu og Dagnýju persónulega og f. h. Myndkorts s/f af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Gunnar Bergsteinsson, forstöðumaður Sjómælinga Íslands, og Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndu, Bragi Guðmundsson, Jón Ernst Ingólfsson, Dagný Guðmundsdóttir, Guðrún Ríkharðsdóttir og Myndkort s/f, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Landmælinga Íslands, í máli þessu.

Framangreint lögbann er fellt niður.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. júní 1982.

Nr. 1/1980.

Erling Laufdal Jónsson

(Stefán S. Pálsson hrl.)

gegn

Jóhönnu Bárðardóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddson og Magnús P. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. janúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1979. Hann krefst þess, „að með viðurkenningu áfrýjanda á því, að stefnda sé eigandi að 30% íbúðar á efri hæð fasteignarinnar nr. 20 við Sandholt í Ólafsvík, verði áfrýjandi alfarið sýknadur af öllum kröfum stefndu í héraði“. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess aðallega, að viðurkennt verði með dómi, að hún sé eigandi að jöfnu ásamt áfrýjanda að efri hæð fasteignarinnar Sandholts 20, Ólafsvík, að frádregnum áhvílandi veðskuldum, þó að undanskildu láni að fjárhæð 10.000.00 krónur við Lífeyrissjóð sjómanna frá 27. maí 1977, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 6.000.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar s. á., 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22%